

Lög

um breytingu á lögum um breytingu á lögum um neytendalán og lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 163/2019.

1. gr.

Við lokamálslið 3. gr. laganna bætist: eða samþykktur af neytanda sem hefur verið auðkenndur rafrænt gagnvart viðskiptakerfi lánveitanda.

2. gr.

Í stað orðanna „eru jafnframt fjármálfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga um fjármála-fyrirtæki“ í 1. mgr. a-liðar 6. gr. laganna kemur: hafa jafnframt heimild til lánveitinga til neytenda samkvæmt sérlögum og eru eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Orðin „3. gr. og“ í 2. mgr. falla brott.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast 3. gr. gildi 1. júní 2020.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 25. febrúar 2020.